

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Arnarhvoli  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 20. desember 2022  
Málsnúmer: 202211-0040  
SS/IAS/OKV/BK

## Efni: Umsögn um erindi Skógræktarinnar um skógrækt á eyðijörðum.

Vísað er í bréf frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, dags. 24. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi sem ráðuneytinu barst frá Skógræktinni þar sem óskað er eftir að Skógræktinni verði falið umsjón með tilteknum eyðijörðum í eigu ríkisins með það að markmiði að rækta skóg á því landi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér erindi Skógræktarinnar og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

### Almennar athugasemdir

Náttúrufræðistofnun Íslands telur afar mikilvægt að ákvarðanataka um hvar skipuleggja og framkvæma eigi skógrækt beri að byggja á upplýstu mati um hvar og hvar ekki henti að rækta skóg. Það mat þarf ekki síst að taka tillit til þeirra áhrifa sem skógrækt hefur á náttúru og umhverfi m.a. á líffræðilega fjölbreytni þ.m.t. gróðurfar og fuglalíf en einnig á jarðfræðilega fjölbreytni og landslag. Skógrækt felur alla jafna í sér umtalsverða breytingu á því umhverfi og náttúrufari sem fyrir eru, sérstaklega þegar um er að ræða ræktun á framandi trjátegundum sem eru fluttar inn til landsins og geta einnig verið framandi í landslagi. Meta þarf hvort sú breyting hafi neikvæð áhrif á náttúrufar og landslag sem fyrir er eða ekki. Þess vegna skiptir máli að á fyrirhuguðum skógræktarsvæðum sé lagt mat á verndargildi þeirra lífríkis, jarðminja og landslags sem þar er fyrir. Til þess má nota ýmsar upplýsingar sem fyrir eru og/eða fara í athuganir á vettvangi þar sem slíkar upplýsingar vantar.

Slík nálgun er í fullu samræmi við nýja stefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda um skógrækt og landgræðslu sem matvælaráðherra kynnti í ágúst 2022. Stefnan ber heitið „Land og líf. Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt. Stefna og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031“. Þar má sérstaklega benda á inntak aðgerðar 2.3 í aðgerðaáætluninni sem fjallar um að þróa eigi og innleiða ný gæðaviðmið við val á landi til skógræktar. Í gæðaviðmiðunum skuli sérstaklega gerð grein fyrir forsendum fyrir vali á landi til skógræktar með tilliti til náttúruverndar, minjaverndar og landslags. Þá ber að gera grein fyrir umhverfislegum og samfélagslegum verðmætum sem fyrir kunna að vera á tilvonandi skógræktarsvæðum og sem geta orðið fyrir áhrifum af skógrækt. Stefnt er að því að slíkt mat verði hluti af upplýsingum sem fylgja umsóknum um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt. Þessi gæðaviðmið liggja ekki fyrir að svo stöddu en að mati Náttúrufræðistofnunar má reikna með að þau atriði sem nefnd eru hér að framan þ.e. verndargildi lífríkis, jarðminja og landslags muni vega þungt.

Þá ber að nefna aðgerð 2.2. um gerð áhættumats á notkun algengustu trjátegunda í skógrækt, en eins og fram kemur í aðgerðaáætluninni þá breytir skógrækt með framandi tegundum þeim



vistkerfum sem fyrir eru og sumar framandi trjátegundir sem nýttar eru í trjárækt hér á landi sá sér út. Þess vegna er mikilvægt að lagt sé áhættumat á þessar tegundir með það að markmiði að skera úr um hvort þær séu ágengar eða ekki en framandi, ágengar tegundir geta haft neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni og koma þarf í veg fyrir útbreiðslu þeirra. Meðan ekki liggur fyrir slíkt áhættumat fyrir helstu framandi tegundir sem notaðar er í dag telur Náttúrufræðistofnun að í varúðarskygni ætti ekki að rækta þær á eða nálægt svæðum þar sem hætta er á að þær geti valdið tjóni t.d. þar sem vistgerðir/búsvæði lífvera/landslag eru sérstaklega viðkvæm eða verðmæt.

Vert er að taka sérstaklega fram að rannsóknir hafa sýnt að skógrækt hefur fælandi áhrif á vaðfugla, þ.m.t. tegundir sem Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á. Þetta eru tegundir eins og heiðlóa, spói og stelkur. Þessar tegundir forðast skóglendi og kjósa opin svæði fyrir varp og fæðuöflun. Þá þarf að taka tillit til jaðaráhrifa því þéttleiki margra vaðfugla er lægri þegar nær dregur skóglendi en fjær.

Í ljósi þessa þakkar Náttúrufræðistofnun fyrir að fá tækifæri til að veita upplýsingar um náttúrufar á þeim eyðijörðum sem Skógræktin hefur áhuga á að hefja skógrækt á, og að leggja mat á verndargildi náttúruminja þar sem það var hægt. Er nú vikið að umfjöllun um einstakar jarðir, en þess ber að geta að misjafnt var hversu greinargóðar upplýsingar voru fyrir hendi og full ástæða er til að stefna að frekari athugunum á vettvangi í þeim tilfellum sem upplýsingar skortir.

### **Athugasemdir um skógrækt á einstökum jörðum**

#### Syðri Bakki í Hörgársveit

Gróðurfar á svæðinu er í dag að mestu mólendi, sums staðar ber á rofi í því, og graslendi eða grasmói. Verndargildi gróðurfars almennt er miðlungs hátt. Á jörðinni eru hins vegar tveir þekktir fundarstaðir friðaðrar plöntutegundar sem er maríulykill (*Primula stricta*). Plantan er friðuð skv. auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og fléttna nr. 1385/2021 og samkvæmt 6. grein friðunarinnar er bannað að valda einstaklingum tegundarinnar skaða. Búsvæði maríulykils eru rök leirflög og má gera ráð fyrir að hann geti fundist í rofdílum í mólendinu. Þessir skráðu fundarstaðir eru vestarlega á jörðinni. Þeir eru ekki nýir og mikilvægt er að staðfest sé að plantan vaxi þar enn og staðsetningin mörkuð nákvæmlega. Alls ekki ætti að leyfa skógrækt þar sem plantan vex og vakta þarf vaxtarstaðinn vel ef skógrækt er heimiluð í nágrenninu.

Á jörðinni er flatlent mólendi og líklegt að mófuglar séu algengir. Mikilvægt er að leggja mat á þéttleika mófugla á svæðinu áður en skógrækt er skipulögð frekar. Sunnar í landinu er tækifæri til endurheimtar votlendis sem ætti að horfa til frekar en skógræktar, og getur aukið búsvæðaframboð fyrir votlendisfugla.

#### Heinaberg og Eskey á Mýrum eystra

Jörðin hentar ekki vel fyrir skógrækt að mati Náttúrufræðistofnunar. Þar ber landslag þess merki að vera nýmótað af jökulum og það má einnig sjá á framvindu gróðurs sem er víða skammt á veg komin á jökulaurum. Alvíða eru votlendisblettir og gróin svæði nálægt lindum og lækjum. Slík svæði eru oft þekkt fyrir mikla fjölbreytni plantna. Ástæða væri að skoða betur þau

gróðursamfélög sem finnast á jörðinni, en þau eru lítið þekkt. Verndargildi svæðisins felst ekki síst í að leyfa náttúrulega framvindu gróðurfars að eiga sér stað í friði. Skógrækt myndi raska því ferli og sérstaklega myndu hávaxnar trjátegundir eins og alaskaösp og sitkagreni hafa áhrif á ásýnd þess. Á hálfgrónum áreyrum líkt og þeim sem einkenna jörðina getur verið umtalsvert fuglalíf t.d. er oft gífurlega hár þéttleiki spóa á slíkum svæðum. Spóar eru meðal þeirra vaðfuglategunda sem forðast skógrækt og sem Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á þar sem stór hluti heimsstofns spóa verpir á Íslandi. Meðal annarra fuglategunda sem eru algengir á slíkum búsvæðum má nefna lóupræl, kjóa og grágæs.

#### Miðsandur og Litli Sandur í Hvalfirði

Á þessari jörð eru það einkum áhrif á landslag sem þyrfti að meta. Brekkurnar upp af hvalstöðinni eru grösugar og einnig eru melar og moslendi á hæðum og holtum. Engar sjaldgæfar plöntutegundir finnast á svæðinu. Mikil ummerki eru um mannvist, vegir, námur og mannvirki. Það dregur úr náttúruverndargildi svæðisins en um verðmætar menningarminjar gæti verið að ræða sem ber að taka tillit til.

#### Melrakkanes milli Hamarsfjarðar og Álftafjarðar

Jörðin hentar ekki vel fyrir skógrækt að mati Náttúrufræðistofnunar a.m.k. ekki með hávöxnum trjágróðri. Jörðin einkennist af svipmiklu landslagi. Undirlendi er lítið og jarðlögin sem halla mikið inn til landsins mynda svipfagra stalla með misblautum jarðvegi á milli. Ásýnd þessa landslags hefur hátt verndargildi að mati Náttúrufræðistofnunar og það myndi rýra þá ásýnd að hylja svæðið með hávöxnum trjátegunum. Birki finnst á svæðinu og horfa mætti til þess að auka útbreiðslu þess þar sem það þrífst. Beitarstjórnun gæti gert gagn hvað það varðar. Vernda þarf votlendisbletti og horfa til endurheimtar þar sem tækifæri eru til.

#### Barmar í Reykhólasveit

Jörðin er að hluta til á svæði sem er á gildandi náttúruminjaskrá (338. Barmahlíð við Berufjörð) einkum vegna gróðurs en þar er að finna gróskumiklar blóma- og kjarrbrekkur. Að mati Náttúrufræðistofnunar myndi það raska gróðurfari og landslagi að rækta hávaxnar trjátegundir á svæðinu þar sem þessar blóma- og kjarrbrekkur er að finna. Aukning á birkikjarri gæti verið fýsileg þar sem brekkur eru minna grónar t.d. á syðri hluta jarðarinnar. Skoða þarf vandlega hvernig skógrækt hefur áhrif á landslag svæðisins. Benda má á framhlaupstungu á svæðinu skammt norðan við bæjarstæðið en framhlaup setja alla jafna mikinn svip á landslagið og þá ásýnd þarf að vernda.

#### Sælingsdalur í Dölum

Um vel afmarkaðan dal er að ræða sem er lítt snortinn af mannvistaráhrifum. Það gefur svæðinu ákveðið verndargildi. Þar er nokkuð um votlendi í dalbotninum sem ber að vernda. Tækifæri eru til endurheimtar votlendis við Sælingsdal. Í brekkum eru mólendi og graslendi en lítið er vitað nánar um gróðurfars svæðisins eða fuglalíf og þyrfti að kanna það betur. Dalbotninn er skeifulaga sem setur svip á landslag svæðisins. Þá er litríkt berg að finna í Laugarfelli og Hrossaborg. Áform um skógrækt þarf að skoða vandlega með tilliti til hvaða áhrif verða á þessi landslagskennileyti.

### Háa Kotey í Meðallandi

Náttúrufræðistofnun telur jörðina ekki henta vel til skógræktar. Á jörðinni finnst vel gróið votlendi og deiglendi á sandjöðrum. Slík gróðurlendi geta verið tegundaauðug af æðplöntum og eru einnig mjög fuglarík. Þarna má búast við háum þéttleika vaðfugla auk þess sem grágæsavarp er ekki ólíklegt. Ástæða er til að leggja betra mat á fuglalíf svæðisins. Svæðið er tiltölulega lítið framræst og verndargildi votlendisins því hátt. Á flötu landslagi hefur skógrækt með hávöxnum trjám oft meiri ásýndaráhrif en þar sem eru brekkur eða hæðir og lægðir í landi. Áhrif á landslagið verða því umtalsverð.

### Tjaldanes við Arnarfjörð

Náttúrufræðistofnun leggst gegn því að skógrækt sé stunduð á jörðinni Tjaldanesi. Jörðin er staðsett á svæði sem er á gildandi náttúruminjaskrá (nr. 311. Skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar) vegna landslags. Á jörðinni eru afar merkar jarðminjar sem má rekja til megineldstöðvar sem kennd er við jörðina, Tjaldaneseldstöðina. Tjaldaneseldstöðin er elsta megineldstöðin á Vestfjarðakjálkanum, 13-14 milljón ára gömul. Keilugangar eru allt umhverfis miðju eldstöðvarinnar og þar myndaðist askja sem síðan fylltist af gosefnum. Svæðið í nágrenni eldstöðvarinnar er ólíkt öðrum svæðum á Vestfjörðum og hefur það verið nefnt “vestfirsku alparnir”. Jökklar hafa mótað landslagið sem er mjög tindótt og ólíkt hásléttunum sem annars einkenna Vestfirði.

Tjaldanesdalur er um 6 km langur dalur og í hlíðum hans sést vel í innviði eldstöðvarinnar og líparít skriður eru áberandi. Sex jökulhvilftir/jökulskálar opnast inní dalinn. Í botni dalsins eru miklir setbunkar frá síðjökultíma þar sem finnast fjölmargar merkar jarðminjar: endagarðar, jaðargarðar, jökulöldur, jökulkembur, jökulker og jaðarhjallar svo eitthvað sé nefnt. Þessar myndanir eru mjög þykkar og þar sem Tjaldanesáin hefur grafið sig í gegn má sjá innviði þessara myndana í allt að 40 m þykkum opnum. Allar þessar setmyndanir eru mjög fjölbreyttar að efnisgerð og kornastærð sem endurspeglar fjölbreytileika bergs megineldstöðvarinnar; frá basalti yfir í rhyólít - djúpberg, gosberg og gjóska.

Náttúrufræðistofnun metur jarðminjar á svæðinu með mjög hátt verndargildi og þær setja einnig mikinn svip á landslagið sem er sérstakt með einstöku samspili litbrigða og mynstra. Skógrækt á svæðinu myndi breyta ásýnd landslags og þeirra jarðminja sem einkenna svæðið.

### Gunnólfsvík við Finna fjörð

Jörðin er á svæði sem er á gildandi náttúruminjaskrá (Nr. 601. Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall) einkum vegna gróðurfars. Ein friðuð plöntutegund, fjallkrækill (*Sagina caespitosa*) finnst á Gunnólfsvíkurfjalli og sjaldgæf tegund, skógfjola (*Viola riviniana*) í Gunnólfsvík. Tryggja þarf að áform um skógrækt raski ekki búsvæðum þessara tegunda. Land er allvel gróið þótt inn á milli séu berangursholt. Talsvert votlendi er á láglandi. Gera þarf betri úttekt á gróðurfari svæðisins áður en skógrækt er skipulögð frekar. Þá þarf að leggja mat á áhrif skógræktar á landslag en Gunnólfsvíkurfjall er svipmikið kennileyti.

## Samantekt

Náttúrufræðistofnun telur að fyrir fjórar af þessum jörðum henti skógrækt alls ekki en það eru jarðirnar Heinaberg og Eskey á Mýrum, Melrakkanes, Háa Kotey og Tjaldanes. Náttúrufræðistofnun telur að þar myndi skógrækt hafa neikvæð áhrif á landslag og í tilfalli Heinabergs og Eskeyjar og Háu Koteyjar fuglalíf sérstaklega. Náttúrufræðistofnun leggur sérstaka áherslu á að landslag og merkur jarðminjum á jörðinni Tjaldanesi við Arnarfjörð verði ekki raskað með skógrækt enda jörðin á gildandi náttúruminjaskrá.

Tvær aðrar jarðir eru innan gildandi náttúruminjaskrár, Barnar á Reykjanesi og Gunnólfsvík við Finna fjörð. Þar ætti að forðast skógrækt með framandi tegundum til að rýra ekki verndargildi svæðanna en tækifæri gætu verið í skógrækt með birki að undangengnum úttektum á lífríki svæðanna.

Á tveimur jörðum þarf að taka sérstaklega tillit til sjaldgæfra plöntutegunda, Syðri Bakka og Gunnólfsvík, og forðast með öllu að raska búsvæðum þeirra.

Í Sælingsdal eru lítt snortin gróðurlendi og landslag og meta þarf vandlega hver áhrif skógræktar yrðu m.a. á ásýnd og fuglalíf. Þar hvetur Náttúrufræðistofnun einnig til þess að einblína á birki og innlendar trjátegundir við skipulag skógræktar. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við skógrækt á Miðsandi og Litla Sandi en skoða þarf áhrif á landslag og menningarminjar við skipulag og framkvæmd.

Á allmörgum af þessum jörðum eru tækifæri til endurheimtar votlendis og hvetur Náttúrufræðistofnun stjórnvöld að skipuleggja verkefni í endurheimt þar við fyrsta tækifæri t.d. í samstarfi við Landgræðsluna.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin að veita frekari ráðgjöf ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs